



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

***Tillaga um að sundferðir og menningarkort verði gjaldfrjáls fyrir atvinnulausa Reykvíkinga og einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu.***

Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2018, var lögð fram tillaga velferðarráðsfulltrúa vinstri grænna, Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Pírata, dags. 22. janúar 2018 um framtíðarfyrirkomulag virknitilboða til atvinnulausa einstaklinga og einstaklinga með fjárhagsaðstoð.

Þau leiðu mistök voru gerð í bréfi til borgarráðs dags. 5. febrúar 2018, þess efnis að ekki er tekið sérstaklega fram að framtíðarfyrirkomulag virknitilboðs sé bæði fyrir atvinnulausa einstaklinga og einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Bréf sem sent var í borgarráð:

***„Tillaga um að sundferðir og menningarkort verði gjaldfrjáls fyrir atvinnulausa Reykvíkinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu.***

Á fundi velferðarráðs þann 31. janúar 2018, var lögð fram tillaga velferðarráðsfulltrúa Vinstri grænna, Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Pírata, dags. 22. janúar 2018 um framtíðarfyrirkomulag virknitilboða til atvinnulausra einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Lagt er til að menningar- og sundkort verði gjaldfrjáls fyrir atvinnulausa einstaklinga með fjárhagsaðstoð.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Fulltrúar sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Þetta er hér með sent borgarráði til staðfestingar.“

Bréf með breytingum:

***Tillaga um að sundferðir og menningarkort verði gjaldfrjáls fyrir atvinnulausa Reykvíkinga og einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu.***

Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2018, var lögð fram tillaga velferðarráðsfulltrúa Vinstri grænna, Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Pírata, dags. 22. janúar 2018 um framtíðarfyrirkomulag virknitilboða til atvinnulausra einstaklinga og einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Lagt er til að menningar- og sundkort verði gjaldfrjáls fyrir atvinnulausa einstaklinga og einstaklinga með fjárhagsaðstoð.



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Fulltrúar sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Þetta er hér með sent borgarráði til staðfestingar.

Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir  
skrifstofustjóri

Reykjavík, 22. janúar 2018  
2010030034  
324. fundur

## Tillaga

### *velferðarráðsfulltrúa Vinstri grænna, Bjartar framtíðar, Samfylkingar og Pírata:*

Lagt er til að menningar- og sundkort verði gjaldfrjáls fyrir atvinnulausa og einstaklinga með fjárhagsaðstoð.

#### ***Greinargerð:***

Frá árinu 2010 hafa verið útgefin sund og bókasafnskort til notenda fjárhagsaðstoðar og atvinnulausra. Með ákvörðun velferðarráðs í janúar 2017 urðu bókasafnskortin hluti af menningarkortum. Mikilvægt er að koma í veg fyrir vanvirkni og félagslega einangrun langtímaatvinnulausra sem og fólks á fjárhagsaðstoð.

Árið 2017 voru útgefin 134 menningarkort til atvinnulausra og notenda fjárhagsaðstoðar og er um árskort að ræða frá útgáfudegi. Kostnaður var um 0,6 mkr. Ekki er hægt með góðu móti að greina notkun kortanna í því kerfi sem heldur utan um þau í dag. Kostnaður vegna sundferða atvinnulausra og notenda fjárhagsaðstoðar var 3,7 mkr. árið 2017.

Kostnaðarmat á áframhaldandi framlengingu á samþykkt borgarstjórnar frá 2010 gerir því ráð fyrir um 4,3 mkr. á ársgrundvelli. Kostnaðurinn rúmast innan fyrirbyggjandi fjárheimildar fjárhagsaðstoðar þar sem um óverulega fjárhæð er að ræða en heildaráætlun fjárhagsaðstoðar árið 2018 er um 2 ma.kr.

Í ljósi þess að um er að ræða virkni- og forvarnarúrræði er lagt til að útgáfa kortanna verði hluti af kostnaðarlið fjárhagsaðstoðar í framtíðinni.



Reykjavík, 22. janúar 2018  
2010030034  
324. fundur  
KG/pk/jvp

Lag fyrir fund velferðarráðs 1. febrúar 2018

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

**Efni:** *Minnisblað um að bókasafns- og menningarkort og sundferðir verði gjaldfrjáls fyrir atvinnulausa og einstaklinga með fjárhagsaðstoð.*

**Forsaga:**

Borgarstjórn samþykkti samhljóða 20. apríl 2010 tillögu Vinstri grænna um að atvinnulausir Reykvíkingar og fólk sem nytu fjárhagsaðstoðar frá Reykjavíkurborg fengju endurgjaldslausan aðgang að sundstöðum og bókasöfnum borgarinnar út það ár. Samþykkt þessi hefur verið framlengd á hverju ári til þessa.

Velferðarráð lagði fram eftirfarandi bókun þann 6. janúar 2017:

Lögð fram tillaga, dags. 6. janúar 2017, um að sundferðir og bókasafnsskírteini verði gjaldfrjáls fyrir atvinnulausa Reykvíkinga og einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu á árinu 2017.

Tillagan var samþykkt með áorðnum breytingum um að menningarkort stæðu þessum hópi til boða með fimm samhljóða atkvæðum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata lögðu fram eftirfarandi bókun:

Greitt hefur verið fyrir sundferðir og bókasafnsskírteini fyrir atvinnulausa og einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu undanfarin ár. Mikilvægt er að koma í veg fyrir vanvirgni og félagslega einangrun langtímaatvinnulausra sem og fólks á fjárhagsaðstoð. Með því að gera ráðgjöfum á þjónustumiðstöðvum borgarinnar kleift að bjóða notendum fjárhagsaðstoðar og langtímaatvinnulausum, sem þurfa fjárhagsaðstoð til framfærslu, tilboð um virkni. Velferðarráð samþykkir nú að auk bókasafnsskírteinis standi menningarkort þessum hópi til boða en inni í því er m.a. aðgangur að söfnum borgarinnar. Nú er tillagan samþykkt út árið 2017. Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar

fram tíðar, Vinstri grænna og Pírata telja mikilvægt að samhliða þessari samþykkt verði unnin tillaga að fram tíðarfyrikomulagi á virknitilboðum á borð við sundkort og menningarkort til fram tíðar.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina lagði fram eftirfarandi bókun:

Í ljósi þess að um er að ræða virkni- og forvarnarúrræði sem hefur verið samþykkt árlega frá árinu 2010 þá samþykkjum við þessa tillögu, en teljum þó að heildstæða stefnu þurfi að móta í þessu efnum, enda ótækt að vera með tímabundin úrræði, ár eftir ár. Við teljum að það sé mikilvægt að fylgjast með virkni í notkun, hversu margir séu að nýta sér úrræðið og það liggi fyrir samantekt fyrir árin 2010-2017 áður en næsta tillaga verður lögð fram.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram eftirfarandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að dregin verði til baka sú ákvörðun að starfsfólk Reykjavíkurborgar fái frítt í sund. Flestir starfsmenn borgarinnar eru langt yfir lágmarkslaunum og hafa ekki þörf fyrir niðurgreiddar sundferðir.

#### ***Greinargerð:***

Frá árinu 2010 hafa verið útgefin sund og bókasafnskort til notenda fjárhagsaðstoðar og atvinnulausra. Með ákvörðun velferðarráðs í janúar 2017 urðu bókasafnskortin hluti af menningarkortum.

Árið 2017 voru útgefin 134 menningarkort til atvinnulausra og notenda fjárhagsaðstoðar og er um árskort að ræða frá útgáfudegi. Kostnaður var um 0,6 mkr. Ekki er hægt með góðu móti að greina notkun kortanna í því kerfi sem heldur utan um þau í dag. Kostnaður vegna sundferða atvinnulausra og notenda fjárhagsaðstoðar var 3,7 mkr. árið 2017.

Í ljósi fækkunar notenda fjárhagsaðstoðar og einstaklinga á atvinnuleysisskrá er ekki gert ráð fyrir hækkun kostnaðar þrátt fyrir verðlagshækkanir þó einhver óvissa sé um endanlega fjárhæð. Kostnaðarmat á áframhaldandi framlengingu á samþykkt borgarstjórnar frá 2010 gerir því ráð fyrir um 4,3 mkr. á ársgrundvelli. Gert er ráð fyrir því að kostnaðurinn rúmist innan fyrirliggjandi fjárheimildar fjárhagsaðstoðar þar sem um óverulega fjárhæð er að ræða en heildaráætlun fjárhagsaðstoðar árið 2018 er um 2 ma.kr.

#### ***Niðurstaða:***

Áframhaldandi framlenging á útgáfu menningakorta rúmast innan fjárheimilda. Núverandi kerfi býður ekki upp á greiningu á notkun kortanna. Skoðað verður hvort það svari kostnaði að gera slíkar breytingar á kerfinu. Í ljósi þess að útgáfa menningar- og sundkorta er virkni og forvarnarúrræði er vert að skoða að hún verði gjaldfrjáls fyrir atvinnulausa og einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu þar til annað verður ákveðið.